

Ed.

393. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

Frá fjárveitinganefnd.

1. gr.

3. gr. í lögum nr. 38 frá 3. nóv. 1915 skal hljóða þannig:

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur, 5 kr. fyrir börn yngri en 2 ára, en 10 kr. fyrir aðra. Þetta legkaup gildir fyrir 25 ár. Vilji menn helga sjer grafreit í 50 ár, skal greiða 20 kr. fyrir hvern legstað. Nú vill maður helga sjer grafreit um ótakmarkaðan tíma, eða múrar upp gróf, og skal þá greiða 40 kr. fyrir hvern legstað. Nú er múrað grafhýsi reist yfir líki, og skal þá greiða 100 kr. í legkaup fyrir það. Legkaupið rennur í ríkissjóð.

2. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík innheimtir legkaupið, og fylgir því lög-taksrjettur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem land er mjög dýrt í Reykjavík og með því enn fremur, að þar hagar svo til, að kosta þar miklu fje til undirbúnings áður en nothæfur grafreitir sje fenginn, þá þykir ekki verða hjá því komist að hækka legkaup rúmlega um helming frá því, sem verið hefir síðan 1915, og verður að telja rjett, að legkaup renni í ríkissjóð, er orðið hefir að leggja til land undir kirkjugarð og verður að verja ærnu fje til þess að gera kirkjugarðinn not-hæfan.